

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 201 31. des. 1957, um varnir gegn sullaveiki.

1. gr.

Við 9. gr. reglugerðar nr. 201/1957 bætist ný málsgrein er verði 9. gr. 3. mgr. og hljóði svo.

Ef sérstakar aðstæður mæla með því að mati héraðsdýralæknis, er heimilt að nota önnur viðurkennd (skrásett) handormslyf og baðlyf.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 6. gr. laga nr. 7 3. febrúar 1953 um hunda-hald og varnir gegn sullaveiki, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. desember 1977.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 430.

3. nóvember 1977.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði.

1. Umferð um **Miðvang** nýtur forgangs fyrir umferð um Blómvang (biðskylda).
 2. Umferð um **Hjallabraut** nýtur forgangs fyrir umferð um Skjólvang (biðskylda).
 3. Umferð um **Suðurgötu** nýtur forgangs fyrir umferð um Selvogsgötu (biðskylda).
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 3. nóvember 1977.

Einar Ingimundarson.

Nr. 431.

28. nóvember 1977.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnu samþykki bæjarstjórnar Akureyrar hefur eftirfarandi verið ákveðið.

1. Stöðvunarskylda verður á Byggðavegi beggja vegna Þingvallastrætis.
 2. Umferðarljós verða á gatnamótum Glerárgötu og Tryggvabrautar.
 3. Umferðarljós verða á gatnamótum Glerárgötu og Þórunnarstrætis.
- Auglýsing þessi öðlast gildi.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 28. nóvember 1977.

Ófeigur Eiríksson.